

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 366/2011

2012/EES/54/94

frá 14. apríl 2011

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), er snertir XVII. viðauka við hana (akrýlamíð) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (1), einkum 131. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Akrýlamíð er flokkað sem krabbameinsvaldandi efni í flokki 1B og stökkbreytandi efni í flokki 1B. Áhætta vegna þess var metin í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 frá 23. mars 1993 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna (2).
- 2) Í niðurstöðum úr evrópska áhættumatinu var komist að þeirri niðurstöðu að nauðsyn beri til að takmarka áhættu fyrir vatnsræna umhverfishólfíð af völdum notkunar á fúgu- eða glufufyllum, sem eru að stofni til úr akrýlamíði, í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð og áhættu fyrir aðrar lifverur vegna óbeinna váhrifa frá vatni sem hefur mengast við sömu notkun. Ennfremur var vakin athygli á áhættu fyrir starfsmenn og annað fólk, sem verða fyrir váhrifum frá umhverfinu, í ljósi krabbameinsvaldandi og stökkbreytandi eðlis akrýlamíðs og vegna taugaeiturhrifa þess og eiturhrifa á æxlun í kjölfar váhrifa sem stafa af notkun á fúgu- og glufufyllum, sem eru að stofni til úr akrýlamíði, í stórum og smáum stíl.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 101, 15.4.2011, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

(2) Stjtið. EB L 84, 5.4.1993, bls. 1.

- 3) Í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2004/394/EB frá 29. apríl 2004 um árangur af áhættumati og áætlanir sem miða að því að draga úr áhættu vegna efnanna asetónitríls, akrýlamíðs, akrýlnitríls, akrýlsýru, bútadíens, vetnisflúoríðs, vetnisperoxíðs, metakrýlsýru, metýlmetakrýlats, tólúens og triklórbensens (3), sem voru samþykkt innan ramma reglugerðar (EBE) nr. 793/93, er mælt með því að skoðað verði á vettvangi Sambandsins hvort taka skuli inn í tilskipun ráðsins 76/769/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinnna skaðlegra efna og efnablandna (4) takmarkanir er varða markaðssetningu og notkun á akrýlamíði í fúgu- eða glufufylla í stórum og smáum stíl.

- 4) Viðmiðunarmörkin 0,1% fyrir akrýlamíð skulu ná yfir aðra gjafa óbundins akrýlamíðs í fúgu- og glufufyllingum, s.s. úr N-metýlólakrýlamíði, eins og fram kemur í tilmælum 2004/394/EB.

- 5) Í því skyni að vernda heilbrigði manna og umhverfið er því nauðsynlegt að takmarka setningu akrýlamíðs á markað og notkun þess í fúgu- eða glufufylla og við alla notkun á fúgu-eða glufufyllum.

- 6) Í samræmi við ákvæðin um umbreytingarráðstafanir í a-lið 1. mgr. 137. gr. REACH efnareglunnanna er nauðsynlegt að breyta XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

(3) Stjtið. ESB L 144, 30.4.2004, bls. 72.

(4) Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. apríl 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í töfluna í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 bætist við eftirfarandi 60. færsla:

„60. Akrylamíð CAS-nr. 79-06-1	Má ekki setja á markað eða nota sem efni eða efniþátt í blöndur í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd, til notkunar í fúgu- eða glufufylla, eftir 5. nóvember 2012.“
-----------------------------------	--